

**Sp.**

**148. Svar**

**[57. mál]**

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lánveitingar banka og sparisjóða.

Hinn 30. okt. s.l. höfðu bankaeftirliti Seðlabankans borist almennar reglur um lánveitingar viðskiptabanka, sbr. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 86/1985, frá einum viðskiptabanka.

Almennar reglur um lánveitingar sparisjóða, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 87/1985, höfðu borist bankaeftirlitinu frá tíu sparisjóðum á sama tíma.

Hinn 22. sept. 1986 ritaði bankaeftirlitið bréf til allra viðskiptabanka og hinn 10. okt. 1986 til sparisjóða þar sem athygli þeirra var vakin á þeirri skyldu sem á þeim hvílir að setja áðurgreindar reglur í samræmi við tilvitnuð ákvæði greindra laga. Var þeim jafnframt gefinn frestur til 1. nóv. s.l. til þess að senda þær bankaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laganna. Bankaeftirlitinu er kunnugt um að unnið er að samningu reglnanna hjá þeim innlánsstofnunum sem ekki hafa nú þegar lokið því og munu þær berast eftirlitinu á næstu dögum.

Með IV. kafla laga nr. 35/1986, um Seðlabanka Íslands, og gildi tóku þann 1. nóv. s.l. er bankaeftirliti falið eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir er hverju sinni gilda um starfsemi þeirra, sbr. einkum 13. og 15. gr. laganna. Eftirlit þetta tekur því til þess að efni þeirra reglna er hér um ræðir sé innan þeirra marka er lög ákveða.